

Fundur 7.4.2025 Raeanne Rubinstein ljósmyndari frá USA.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Já góða kvöldið.

Heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð á mínum hnetti, og hefur verið mikill uppgangur í þessum málum í okkar samfélagi.

Og ekki veit ég hvort unnt er að greina frá vandamálum sem hér hafa ýmsir þurft við að glíma, en starf mitt hér á þessum hnetti hefur skilað mér sífellt meiri orku og árangur orðið meiri af þessu starfi.

Ekki eru mörg ár síðan ég kom á þennan hnött, en viðburðarrík hafa þau verið öll og áhugu minn á þessu starfi, hafði ekki vaknað fyrr en ég hafði verið hér í nokkurn tíma, og undrunarrefnin mörg.

Og samskiptin við fjölskyldu og vini mikilvæg og spurningarnar margar sem vakna, þegar þessi umskipti verða og bæði eru deilurnar miklar, milli samfélagshópanna og innan samfélagshópanna innbyrðis, og ekki allir tilbúnir að sleppa tökunum á þeirri gömlu trú sem fólk hafði tamið sér í jarðlífinu.

Og þótt ég hafi ekki iðkað trú mína af alvöru í jarðlífinu, kom ég þó inn í þær rætur aftur, þegar ég kom á þennan hnött, og var það mikil gæfa og gleði að fá jarðneskan líkama.

Og tók það mig að minnsta kosti tvö ár að spretta úr klaufunum og njóta þeirra breytinga og nýfenginnar æsku, sem fengið hafði og hreysti.

En eins og ég sagði, deilurnar eru margvíslegar í okkar þjóðfélagi og trúarbrögðum, í heimalandi mínu á þessum hnetti eru trúbræður mínir af ýmsum toga og í ýmsum hópum, og eru hér einnig fleiri aðkomnir frá gamla landinu sem iðka hina gömlu trú sem við köllum, á sín fornu Goð og einnig margir sem tigna þann Guð sem okkur var kennt að berjast við og eru öflugir á gömlu jörðinni og hafa valdið skaða.

En friðarboðskapur fylgir vísindunum og því hef ég ákveðið að taka þátt í þeirri vaxandi hreyfingu sem tekur þátt í endurreisnarstarfi Norrænna manna sem eru skildir okkur langt fram í ættir, eftir dvöl okkar í Evrópu.

Og mæta í þessar stjörnusambandsstöðvar og leggja þar trúarbrögðin að jöfnu og friðmælast og hlusta á þau mannkyn sem enn meiri speki hafa að bjóða, og eru það mjög fróðlegt að heyra og njóta þess.

Hér hef ég haldið áfram að taka ljósmyndir og aftur hef ég fengið aðgang að frægu fólki og tekið af því ljósmyndir eins og á jörðinni.

Og tók það mig tíma að ná þeim tengslum aftur við þá sem ég þekkti á jörðinni og framlöðnir voru á þennan hnött og svo aðrir sem annað hvort fæddust á þessum hnetti eða eru hingað aðfluttir frá öðrum frumlífs hnöttum.

Einnig hef ég notið þess að taka ljósmyndir af náttúrunni og er það stórkostlegt að taka ljósmyndir af stjörnuhimninum, og hversu frábrugðin hann er og læra stjörnumerkin upp á nýtt sem eru önnur en á jörðinni.

Var mér kennt það, er ég hingað kom, að með því að læra þessi nýju stjörnumerki og leggja þau á minnið og rifja upp drauma mína, myndi ég ná mér fyrr og fá betri draumsambönd, og hefur það orðið mér til gagns.

Bandarísk kona, finn ég nú að ég verð að kveðja, orkan minnkar, reyni ég að segja nafn mitt, Raeanne Rubinstein (var fædd 15. september 1945 og dó 30. nóvember 2019, 74 ára.)

Dó fyrir nokkrum árum, verið þið sæl og þakka ég fyrir, reyni að koma síðar, takk fyrir gott hljóð.

Verið þið sæl.

Vertu sæl og takk fyrir komuna.